

Samþykktir drög

1. gr.

Félagið heitir.

Fræðafélag um íslenskan handverksarf.

2. gr.

Aðsetur félagsins er hjá Annríki – Þjóðbúningar og skart, Suðurgötu 73, 220 Hafnarfirði og varnarþing félagsins er í Hafnarfirði.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að vinna að uppbyggingu og rekstri *Fræðaseturs um íslenska búninga, skart og handverk*. Fræðasetrið verður byggt á grunni þess mikla starfs sem þegar hefur verið unnið hjá fyrirtækinu Annríki – Þjóðbúningar og skart sem er í eigu hjónanna Guðrúnar Hildar Rosenkjær, klæðskera, kjólameistara og sagnfræðings og Ásmundar Kristjánssonar, vélvirkja og gullsmiðs. Ætlunin er að efla almenna þekkingu og rannsóknir á íslenskum búningum, skarti og handverki og nýta til þess þá þekkingu og reynslu sem þar er að finna. Félagið mun einnig stuðla að útbreiðslu þekkingar um land allt og erlendis á búningum og handverki í samstarfi við fræðasetrið.

4. gr.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því að efla frekar og styðja við það starf sem unnið hefur verið hjá Annríki – Þjóðbúningar og skart. Í þeim tilgangi mun félagið afla styrkja og áheita í sérstök verkefni en ekki standa fyrir rekstri að öðru leiti. Félagið mun gera sér stefnuskrá til að vinna eftir sem fylgir hér með.

5. gr.

Félagið er öllum velunnurum málefnisins opið, félagar eru allir þeir er ganga í félagið og greiða árgjald eftir reglum sem aðalfundur setur.

6. gr.

Starfstímabil félagsins er 1. september til 31. ágúst. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

7. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. nóvember ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara skriflega. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Lagabreytingar þurfa að liggja frami og vera kynntar í fundarboði. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

8. gr.

Stjórn félagsins er kjörin á aðalfundi. Á aðalfundi eru tveir stjórnarmenn kosnir til tveggja ára í senn. Stjórnin skal skipuð 5 aðilum, fjórum félagsmönnum og einum fastafulltrúa frá Annríki – Þjóðbúningar og skart sem sér um daglegan rekstur félagsins. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum, stjórnina skipa formaður, gjaldkeri, ritari og 2 meðstjórnendur. Einnig skal kjósa 2 skoðunarmenn reikninga. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmarritun er í höndum meirihluta stjórnar.

Hægt er að kalla til auka aðalfundar ef helmingur félagsmanna óskar þess skriflega, hver og einn með nafni og kennitölu.

9. gr.

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt árlega með innheimtu.

10. gr.

Ákvörðun um meðferð rekstrarhagnaðar eða -taps verður tekin á aðalfundi. Innkomnar tekjur verða almennt notaðar í verkefni sem tengjast tilgangi félagsins nema annað brýnna varðandi rekstur félagsins komi fram og verði samþykkt á aðalfundi. Allar greiðslur úr sjóðum félagsins eru háðar samþykki stjórnar.

11. gr.

Ef til ágreinings kemur um rekstur félagsins mun ákvörðun um slit þess tekin á aðalfundi með auknum meirihluta sem nemur þremur fjórðu atkvæða félagsmanna. Félagið mun ekki verða starfrækt án aðkomu Annríkis – Þjóðbúninga og skarts og að því leiti ekki skilið frá starfsemi þess svo lengi sem Annríkis – Þjóðbúninga og skarts nýtur við. Ef til slita félagsins kemur mun það sjálfst bera ábyrgð á fjárhagsstöðu, reikningar félagsins það árið verða gerðir upp og greiddir úr sjóðum. Ef eftir verður hagnaður/eignir eða tap mun það verða í höndum stjórnar að ráðstafa því, en hagnaður mun þó alltaf renna til málefna sem tengjast tilgangi félagsins.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi í Annríki – Þjóðbúningar og skart.

Dagsetning: 1. júní 2015.

Hér koma undirritanir stofnenda / stjórnarmanna, nöfn og kennitölur.